



## Stjórnarfundur 8 fimmtudaginn 25. febrúar 2010 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt.: Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Svala Vignisdóttir og Davíð Búi Halldórsson var í síma. Hreggviður Norðdahl, varamaður og Valdimar Hafsteinsson var í síma. Afboð og kom ekki: Óskar Hauksson

### Dagskrá fundarins

- Bikarkeppnin - úrslitahelgi
- Ársþing BLÍ
- Landsliðsmál
- Önnur mál

## Fundargerð

### Bikarkeppnin – úrslitahelgi

- Tekið til umræðu tölvupóstur sem bárust sambandinu eftir síðustu bikarhelgi á Akureyri. Í bréfunum var kvartað yfir framkvæmdinni hjá KA, þó aðallega dómgæslunni og því borið við að dómaramenn hefðu ekki ráðið við sitt verkefni. Gert er ráð fyrir því að þessi mál verði tekin upp á ársþingi BLÍ til frekari umræðna og jafnvel að félag sendi inn tillögur að breytingum á bikarkeppninni og fyrirkomulaginu í heild sinni.
- Sævar fór yfir aðgerðahópin sem var skipaður á síðasta stjórnarfundum BLÍ. Hópurinn fundaði miðvikudaginn 24. febrúar en í honum sitja Sævar Már Guðmundsson, Einar Sigurðsson, Valdimar Hafsteinsson og Sigurlaugur Ingólfsson. Fram kom á fundinum að allt væri á réttri leið með framkvæmd úrslitahelgarinnar og allt komið í gang með Markaðsmenn. Markaðsmenn munu sjá um að safna auglýsingum á viðburðinn sjálfan, þ.e. merki í mótaskrá, skilti á velli og mögulega styrktaraðila í sjónvarp.
- Fram kom að sjónvarpið krefst þess að fá styrktaraðila á helming útsendingarkostnaðs vegna úrslitaleikjanna, samtals um kr. 200.000 auk vsk. Rætt var um möguleika í þessum efnum og kom Kjörís þar sterklega til greina. Einnig að Bridgestone myndi kaupa auglýsingu í sjónvarpinu.
- Mesta áhyggjuefni aðgerðahópsins væri að setja gólfíð niður. Það er gert á föstudegi og var hverjum og einum sett að koma með einn mann a.m.k. með sér í þetta verkefni. Að öðru leyti gekk fundurinn vel og verkefnum skipað niður á menn. Sigurlaugur sér um að veitingasalan sé í góðum höndum hjá Þrótti Reykjavík og að starfsmenn verði settir á leikina. Einar Sigurðsson ætlaði að ræða við Þór Bæring um að vera kynnis í úrslitaleikjunum á sunnudeginum. Sævar sér um að senda boð til félaganna og safna efni í mótaskrá og útbúa plaköt fyrir keppnina ásamt boðsmiðum. Allir hjálpast að við að fá þessar upplýsingar frá félögunum fyrr en seinna.

### Ársþing BLÍ

- Ákveðið var að hafa næsta ársþing BLÍ, laugardaginn 5. júní 2010 í Reykjavík. Voru uppi vangaveltur um hvort huga þyrfti að breytingum í lögum eða reglugerðum fyrir þingið. Sævar nefndi mál sem hafði komið á hans borð sem þyrfti að vísa annað. Var þetta kærsmål vegna notkunar ólöglegs leikmanns í 2. deild karla og velt var upp þeirri spurningu af hverju stjórn BLÍ geti ekki úrskurðað þar sem málið er borðliggjandi og allar sannanir liggja fyrir á skrifstofu BLÍ.

Um algjört afgreiðslumál er að ræða í þessu tilviki og er undarlegt að þurfa að vísa svona máli til Íþróttadómstóls ÍSÍ. Misjafnar skoðanir komu í ljós og ákveðið að skoða málið betur.

*Svala Vignisdóttir þurfti að víkja af fundi.*

#### **Landsliðsmál**

- Landsliðsmenn fá dómgæsluna á öldungamóti BLÍ að þessu sinni og er það frábær fjáröflun fyrir hópana.
- Landsliðsþjálfarar hafa ekki enn sent inn forvalshópa fyrir verkefnin og Sævar beðinn um að ýta aðeins í þá með það.
- Aðalheiður Sigursveinsdóttir hefur boðist til að vera fararstjóri í báðum ferðunum og nýta þannig aðeins flugmiða út og heim en báðar ferðirnar eru með nokkurra daga millibili.

#### **Önnur mál**

- *Árshátíð BLÍ:* Heiða útvegar heiðursgest kvöldsins. Ákveðið var að vera með svipuð verðlaun og á síðasta ári og helst spara meira í fjárútlátum.
- *Nefnd vegna endurgerðar Öldungamótsreglugerða:* Tillaga um nýjar reglur var lögð fram til stjórnar BLÍ. Hreggviður Norðdahl fór yfir helstu breytingarnar í fjarveru formanns nefndarinnar, Svölu Vignisdóttur. Fram kom að bæði nýja og gamla reglugerðin yrði send til félaganna og liða sem taka þátt í öldungamótinu til umsagnar og gefinn frestur til 1. apríl vegna þessa. Hópurinn myndi svo funda um framkomnar athugasemdir eða umsagnir.

*Fleira var ekki gert*

Áætlað að næsti fundur verði í kringum næstu mánaðamót.

*Fundi slitið kl. 18.45*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*